



## Tölur

Tölur koma oft fyrir í Biblíunni og eru því táknrænar fyrir kristna menn. Hér að neðan getið þið lesið ykkur til um nokkrar af þeim tölum sem taldar eru heilagar og hvers vegna.

Talan þrjú táknar hina heilögu þrenningu sem er faðir, sonur og heilagur andi. Hin heilaga þrenning er líka tákn himinsins. Vitringarnir sem færðu nýfæddum Jesú gjafir voru þrjú.



Sjö er sú tala sem kemur hvað oftast fyrir í Biblíunni. Hún er talin heilög tala óháð kirkjudeildum. Guð skapaði heimin og hvíldi sig á sjöunda degi. Bænin Faðir vor er sjö málsgreinar. Hún er einnig sett saman úr tölunum þremur og fjórum  $3+4=7$ .

Aðrar tölur eins og 4, 9, 10 og 12 hafa einnig gildi fyrir kristna menn. Talan fjórir er sama tala og fjöldi guðspjallanna. Hún er einnig tákn jarðar þar sem hún myndar ferninginn og höfuðáttirnar eru fjórar: austur, vestur, norður, suður. Talan níu er þrisvar sinnum þrjú. Jesús dó á níundu stundu auk þess er níu tala englanna, sannleikans og fullkomleikans. Boðorðin eru tíu. Talan tólf fæst ef margfaldað er saman þrjú og fjóra. Talan þrjú táknar himin en talan fjórir jörð svo saman mynda þær tákn fyrir alheiminn. Lærisveinar Jesú voru tólf og ættkvíslir Ísraelsþjóðar einnig.

## Spurningar

1. Hvers vegna er talan þrjú heilög í kristni?
2. Hvaða tala kemur oftast fyrir í Biblíunni og er talin heilög óháð kirkjudeildum?
3. Sumar af helgum tölum kristninnar koma fyrir í mörgum þekktum ævintýrum. Nefndu einhver dæmi sem þú manst eftir.